

Kópavogi 10.febrúar 2023.

Til Sveitastjórnar Grímsness- og Grafningshrepps.

Sæl verið þið.

Í framhaldi af fundi sem ég átti, með Iðu Marsibil sveitastjóra og Ásu Valdísi oddvita, þann 18. janúar s.l. þar sem þær bentu mér á að skrifa sveitastjórninni bréf og óska eftir leiðréttingu á álögðum fasteignagjöldum v. Illagil 21, Grímsnes- og Grafningshreppi vegna ársins 2022.

Starfsfólk skrifstofu Grímsness- og Grafningshrepps tók einhliða ákvörðun um að innheimta fasteignagjöld 2022 af Illagili 21 í C flokki, eins og um skammtíma leigu væri að ræða í húsinu. Settu þau í heimabanka innheimtu fasteignagjaldanna án nokkurs samráðs við mig. Ég greiddi þessa giróseðla með fyrirvara um leiðréttingu. Síðar átti ég nokkur símtöl við Iðu og fleiri á skrifstofunni þar sem ég útskírði mitt mál og óskaði eftir leiðréttingu og lækkun, þar sem húsið var ekki í skammtímaleigu á árinu 2022. Mér var ætíð svarað því að húsið væri auglýst til skammtímaleigu á netinu og því væru gjöldin innheimt eftir því. Ég bað Iðu um að senda mér staðfestingu á þessarri auglýsingu. Hún sendi mér síðan sýnishorn af auglýsingu frá 2017 þar sem á voru skrifaðar ýmsar dagsetningar. Ég bað hana um að sýna mér að hún gæti bókað gistingu í húsinu, en hún gat það ekki. Iða sendi mér í framhaldi af því úrskurð yfirfasteignamats vegna fasteignagjalda 2017 máli sínu til stuðnings en þá var húsið réttilega í skammtímaleigu fyrir utan kjallarann. Í framhaldi af því voru þið látin leiðrétta og endurgreiða mér gjöldin af þeim hluta hússins sem þá var ekki í útleigu þ.e. kjallara hússins. Sjá úrskurð yfirfasteignamatsnefndar 26.maí 2017 og 20.mars 2018.

Hið rétta er að húsið var aldrei auglýst eða leigt út til skammtímaleigu árið 2022 og þá var bókunarsíðan “frá 2017” lokuð til skráningar, en það var aftur á móti auglýst til sölu á fasteignasíðum og facebook. Húsið var selt í lok október.

Ég skora hér með á sveitafélagið að leiðrétta álögð fasteignagjöld ársins 2022 af húsinu. Einnig óska ég eftir að ofrukkuð fasteignagjöld verði endurgreidd inn á reikning minn ásamt dráttavöxtum.

Reikningsnúmer mitt er 528-26-1111 og kt. 140349-4619.

Með fyrirfram þakklæti.

Lárus Helgason.